

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð John Mackenna Pearson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður John Mackenna Pearson. Stofnfé hans er GBP 25.000,00 sem ánöfnuð voru af John Mackenna Pearson með erfðaskrá hans í september árið 2000.

2. gr.

Stofnféð skal ekki skerða og fyrstu fimm árin skal a.m.k. helmingur ávöxtunar lagður við höfuðstólinn.

3. gr.

Peim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 2. gr. skal varið til að styrkja lækna-
stúdenta við Háskóla Íslands til náms í Englandi. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri
ára.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins sitja: Forseti læknadeildar, formaður félags læknanema og formaður
kennslunefndar deildarinnar.

5. gr.

Háskóli Íslands annast varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og
birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskóla Íslands á hverjum tíma.

6. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef rektor telur það nauðsynlegt.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal Háskólaráð ákveða ráðstöfun höfuðstóls hans til verk-
efna sem falla undir ákvæði 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir, sem
starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. mars 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.